



Reykjavík, 30. nóvember 2021
US210199

Skipulags- og samgönguráð

Fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ýmsan kostnað

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. júlí 2021 voru lagðar fram svohljóðandi fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

1. Hvaða vertakar unnu við Braggann, Nauthólsvegi 100 og hvað fengu þeir greitt tæmandi talið og hvað fór verkið framúr frumkostnaðaráætlun? eignaskrist
2. Hvaða vertakar unnu við vitann á Sæbraut og hvað fengu þeir greitt tæmandi talið og hvað fór verkið framúr frumkostnaðaráætlun?
3. Hvaða vertakar unnu við endurbætur á Gröndalshúsi og hvað fengu þeir greitt tæmandi talið og hvað fór verkið framúr frumkostnaðaráætlun? Minjavernd
4. Hvaða vertakar unnu við endurbætur á Hlemmi - síðar mathöll og hvað fengu þeir greitt tæmandi talið og hvað fór verkið framúr frumkostnaðaráætlun?
5. Hvaða vertakar unnu við endurbætur á Grandanum - síðar mathöll og hvað fengu þeir greitt tæmandi talið og hvað fór verkið framúr frumkostnaðaráætlun?
6. Hvaða vertakar unnu við endurbætur á Fossvogsskóla og hvað fengu þeir greitt tæmandi talið og hvað fór verkið framúr frumkostnaðaráætlun?
7. Hvaða vertakar eru að gera við fyrrum húsnæði Adam og Evu, sem áætlað er að breyta í leikskóla og hvað hafa þeir fengið greitt tæmandi talið og hvað er verkið komið framúr frumkostnaðaráætlun?
8. Hvaða vertakar eru að gera við Safamýri 5 sem áætlað er að breyta í leikskóla og hvað hafa þeir fengið greitt tæmandi talið og hvað er verkið komið framúr frumkostnaðaráætlun?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. september 2021.

Svar:

1. Varðandi framkvæmdir við Nauthólsveg 100 er vísað til úttekta innri endurskoðunar og gögn sem voru lögð fram í borgarráði enda hefur áheyrnarfulltrúi Miðflokksins hefur fengið þessi gögn áður.
https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/2_skyrsla_innri_endurskodu_nar.pdf
2. Vísað er til svars við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins sem lagt var fram í borgarráði þann 29. nóvember 2018.
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/35b_svar_fms_og_faxa.pdf
3. Verktaki var Minjavernd. hf. Sjá nánar um greiðslur í svari við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði hér https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/45b_grondal_umsogn_r18100360.pdf
Varðandi hvað verkið fór framúr kostnaðaráætlun sjá meðfylgjandi svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði hér.
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44b_grondalshus_umsogn_r18100360.pdf.
4. Vísað er til skýrslu innri endurskoðunar sem lögð var fram í borgarráði 4. apríl 2019.
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/13a_ie18050001_-_verklegar_framkvæmdir_og_innkaupamal_18.3.2019.pdf



5. Sjá hjálagt minnisblað Faxaflóahafna, dags. 26. nóvember 2021.
6. Endurbótum á húsnæði Fossvogsskóla er ekki lokið. Áætlað er að útboð vegna breytinga og áframhaldandi endurbóta fari fram í desember 2021. Sjá samþykkt borgarráðs þann 4. nóvember 2021.
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/17_fossvogsskoli.pdf
7. Verkfrákvæmdir eru í gangi við Kleppsveg 150-152 og er áætlað að þeim verði lokið að fullu í ágúst 2022 erindi samþykkt í borgarráði 1. júlí 2021.
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/11_kleppsvegur_150_152_nyr_leikskoli_bruum_bilid.pdf
8. Áætlað er að útboð vegna framkvæmda við Safamýri 5 fari fram í nóvember 2021 sbr. erindi samþykkt í borgarráði 1. júlí 2021.
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/12_nyr_leikskoli_safamyri_5_bruum_bilid.pdf

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Hjálagt:
Minnisblað Faxaflóahafna, dags. 26. nóvember 2021.

Minnisblað

Reykjavík 26. nóvember 2021

Framkvæmdir við jarðhæð Grandagarðs 16.

Á tímabilinu ágúst 2017 til ágúst 2018 stóðu yfir framkvæmdir við innréttingu á jarðhæð Grandagarðs 16 sem nú hýsir Granda mathöll.

Verkið var boðið út í opnu útboði og bárust tvö tilboð, bæði yfir kostnaðaráætlun hönnuða sem hljóðaði upp á kr. 102.521.700.

Samið var við lægstbjóðanda, Kvisti byggingafélag ehf., um framkvæmdina og hljóðaði upphæð verksamnings upp á kr. 113.946.680.

Við verklok höfðu eftirtaldir verktakar komið að verkefninu og fengið eftirtaldar upphæðir greiddar með virðisaukaskatti:

Kvistir byggingarfélag ehf.	121.314.476, sem er 18,3% yfir kostnaðaráætlun útboðs
Öryggismiðstöð Íslands hf.	1.420.407
Óskaverk ehf.	1.570.644
Samtals	124.305.527

f.h. Faxaflóahafna sf.

Helgi Laxdal